



# REGLUGERÐ FYRIR ÓLYMPÍUAKADEMÍU ÍSÍ

---

## Hlutverk

Hlutverk Ólympíuakademíunnar er að breiða út þekkingu um Ólympíuleikana, Ólympíu-hreyfinguna og þær hugsjónir, sem hún byggist á.

## Stjórn

Fræðslu- og almenningsíþróttasvið ÍSÍ fer með stjórn Ólympíuakademíu ÍSÍ.

## Starfstími

Starfstími Ólympíuakademíu ÍSÍ er hinn sami og framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

## Verkefni

1. Að standa fyrir námskeiðum og fræðslu um Ólympíuleika og Ólympíuhugsjónina, þ.á.m. sjá um fræðslu fyrir þá sem veljast til þátttöku í Ólympíuleikum um siði og tákni sem tengjast Ólympíuleikum.
2. Að stuðla að útgáfu og dreifingu á fræðsluefni um ólympíustarfsemi og Ólympíuleika.
3. Að hafa til ráðstöfunar myndrænt efni fyrir þá, sem vilja kynna Ólympíuleika og Ólympíu-hreyfinguna.
4. Að annast samskipti við fræðslusetur Alþjóðaólympíuakademíunnar í Grikklandi.
5. Að annast samskipti við fræðslustofnanir ólympíunefnda annarra þjóða.

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 21. september 2023.**

